

Viridis ehf.
Tröllakór 12
203 Kópavogur

Reykjavík, 21. september 2021
UST202108-139/F.K.
07.06.02

Málslok

Vísað er til bréfs dags. 27.8.2021 þar sem gerð var grein fyrir frávikum, sem komu fram við eftirlit í kjölfar ábendingar, með merkingum á vörunni The Bug Spray sem skoðuð var í verslun Hagkaupa í Skeifunni.

Viridis ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu umræddrar vöru. Fyrirtækið hefur orðið við kröfum um úrbætur og telst máli því sem hófst með bréfi dags. 13.8.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirlit með The Bug Spray og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Viridis ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn hefur verið út reikningur að fjárhæð kr. 26.200,-.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir
Sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur